



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFA 137/85 IN
Alþingi
Erindi nr. P 137/85
komudagur 4.6.2009

Reykjavík, 04.06.2009
Tilv. 23.1
JS/sdk

**Málefni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, veiðiréttur, 34. mál, 137. löggj.þing 2009
- athugasemd um skiptingu karfaaflamarks**

Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 27. maí 2009 um ofangreint frumvarp til breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Hafrannsóknastofnunin hefur síðan 1994 veitt aðskilda ráðgjöf fyrir gull- og djúpkarfa og telur að sameiginlegt aflamark leiði til aukinnar sóknar í þá tegund sem hagkvæmast er að sækja í hverju sinni og því fylgi aukin hætta á veiðum umfram afrakstursgetu. Síðan 1994 hefur nær undantekningalaust verið veitt umfram ráðgjöf af gullkarfa. Hafrannsóknastofnunin ítrekar því fyrri ráðgjöf sína um að heildaraflamarki tegundanna verði úthlutað aðskildu.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is